

## Ábendingar íbúaráðs Laugardals vegna Römpum upp Ísland, dags. 14. nóvember 2022.

Römpum upp Ísland:

### Ábending í tpósti:

Hæhæ

Ég er með ábendingu, á gatnamótum sæbrautar og langholtsvegur er ómögulegt að komast inn/út í hverfinu og á hjólastíginn. Vinkona mín notast mikið við hjólastíga þegar hún rúllar sér til mín en til að komast inn í sundin þarf hún að fara yfir hjá olístöðinni langt á undan og rúlla gengum allt hverfið og erfiða brekku, í stað ef kanturinn á gönguljósunum yrði lagaður og hún kæmist langleiðina á hjólastígnum.

Bestu kveðjur,

Inga í Skipasundi

Langholtshverfi: <https://www.facebook.com/groups/417356891684471/posts/5530176120402497>

### [Erla Baldursdóttir](#)

Öll Skeifan eins og hún leggur sig Mig og systir mína, sem notar hjólastól, langaði að fara og fá okkur ís í göngufæri og fórum í ísbúðina í Skeifunni. Það var þvítík svaðilför, alls staðar erfitt að fara um með hjólastól og aðgengið í ísbúðina hræðilegt, hefðum ekki komist inn hjálparlaust þó það sé rampur (rampurinn mjög brattur upp og þung hurð).

### [Sigurbjörg Andreu Sæmundsdóttir](#)

Það bráðvantar betra aðgengi í Laugarásbíó! Pabbi greyið sér bíóið út um herbergisgluggann sinn en kemst ekki að sjá neinar myndir þar, því hann er í stórum rafmagnshjólastól.

### [Jarthrudur Jonasdóttir](#)

Væri til í að fá fallett kaffihús / bar í hverfið og að þá yrði hugsað fyrir rampi í leiðinni

### [Marjakaisa Matthíasson](#)

Við göngum mjög mikið í hverfinu og löbbum í Holtagarða niður Holtavegin. Gangstéttin er hörmuleg fyrir alla vinstra megin fyrir neðan nýja leikskólasvæðið og hefur verið í áraraðir. Það er svo viðá litið hugsað um gangandi vegfarendur.

### [Ingibjörg Sunna Prastardóttir](#)

Í Passion er mjög þung hurð. Þröskuldur þar, sem og annarsstaðar í Álfheimakjarnanum.

### [Halla Sverrisdóttir](#)

Þegar djúpgámarnir voru settir niður neðst á Hrístateignum kom upp umræða í Laugarneshverfisgrúppunni um að þeir væru ekki aðgengilegir fólki í hjólastólum þar sem þeir eru staðsettir uppi á lágum palli sem gerði erfitt um vik að komast að þeim. Þetta sést ágætlega á myndinni hérna.

Viðbót: Sé núna að þetta á kannski ekki heima í Langholtsgrúppunni, nema það séu líka djúpgámar "ykkar megin" í Dalnum? Og ég ímynda mér reyndar líka að aðgengi sé almennt erfitt að t.d. grenndargámum.

**Laugarneshverfi:** <https://www.facebook.com/groups/172912626075763/posts/5817351891631780>

**Vogabyggð:** <https://www.facebook.com/groups/369002881422485/posts/625899742399463>

**Tún:** <https://www.facebook.com/groups/112023243585241/posts/646105343510359/>

#### **Frá formani:**

Almennt má bæta aðgengi við alla verslunarkjarnana í hverfinu, Laugalæk, Álfheimum sem og Skeifunni, en Skeifan er einfaldlega ekki hönnuð fyrir fólk, hvernig svo sem það kýs að ferðast.